

# Upplýsingar um námið í Moodle

## Skráning í Moodle kennslukerfið.

Innskráning í Moodle fer í gegnum heimasíðu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á vefslóðinni [www.nmi.is](http://www.nmi.is) og efst til hægri er valið STJÖRNENDANÁM. Við það birtist valstika til vinstri og þar er valið *innskráning í Moodle*.

Þá birtist stór hnappur þar sem stendur *innskráning í Moodle – kennslukerfið*. Það á að smella á hnappinn og þá birtist innskráningsíða Moodle kennslukerfisins.

Nemendur Verk- og stjórnendánámsins fá áður en námið hefst notendanafn og lykilorð að Moodle kennslukerfinu og þurfa að slá þau inn í innskrá og þá opnast þeim námið. Sjá betur að neðan.


[www.nmi.is](http://www.nmi.is)



Velja stjórnendánám



Velja Innskráning í Moodle



Smella á hnappinn Innskráning í Moodle - kennslukerfið




Innskráning í Moodle kennslukerfið

A screenshot of the Moodle registration form. The form has the following fields:

- A heading 'Innskrá'.
- A text input field for 'Notendanafn' with the value 'Nemandi'. An arrow points to this field.
- A password input field for 'Lykilorð' with a yellow background and a strength indicator.
- A checkbox for 'Muna notendanafn'.
- A green 'Innskrá' button.
- A link: 'Eftir þú ert inni, að glata notendanafni eða lykilorði?'.
- A text: 'Vefskóðarinn verður að leyfa "cookies"'. There is a small icon to the right.
- A text: 'Sumir dfangar leyfa gestaöðgang'.
- An orange 'Innskrá sem gest' button.

## Fjarkennsla í Verk- og stjórnendanámi.

Á forsíðu hvers áfangs birtist eftirfarandi mynd:



### 1. Áfanginn

**Áfanginn** hefst á kynningu kennara í stuttu myndbandi þar sem hann tekur á móti nemendum og fer m.a. yfir inntak áfangans, samskipti, nemendaverkefni, mikilvægar tímasetningar og námsmat.

**Námsefni og samskipti á Moodle:** Myndin sem er hér að ofan.

**Lærdómsviðmið** birtast í svokölluðum viðmiðaramma. Tilgreind er þekking og leikni sem nemandi á að öðlast í áfanganum, ásamt hæfni sem hann getur þróað með sér í starfi sínu. Inntak fyrirlestra og nemendaverkefni endurspeglar þekkingar- og leikniviðmiðmið.

**Leiðsögn. Kennsla og nám** lýsir með hvaða hætti kennsla og nám fer fram.

**Uppbygging áfangans og námsplan:** Í töflunni eru mikilvægustu tímasetningar í áfanganum og ráðleggingar um tilhöggun námsins.

**Námsmat og áfangamat:** Gerð er grein fyrir námsmati áfangans og mati nemenda á framsetningu áfangans af hálfu kennara.

### 2. Spjall

Nemendur og kennari eiga samskipti á spjallinu. Nemendur kynna sig í fyrsta áfanga hverrar lotu. Kennari setur inn tilkynningar og nemendur geta átt óformlegt spjall um efni áfangans og önnur áhugamál. Spjallið er sýnilegt öllum nemendum ásamt kennara.

### 3. Sýndarrými

Sýndarrými (BigBlueButton, BBB) er opið spjallkerfi með hljóði, mynd og ritli. Kerfið hentar vel til beinna samskipta nemenda og kennara. Kennari boðar til fundar á sýndarrými og ætlast er til að allir mæti.

### 4. Fyrirlestrar

Fyrirlestrar eru á glærum með innlestri kennara. Hver fyrirlestur er í nokkrum hlutum, 10-15 mín löngum.

Ítarefni er greinar, bókakaflar, vefsíður og annað lesefni sem kennari vísar á til frekari skoðunar varðandi efni áfangans. Listi yfir ítarefni er jafnan á síðustu glæru hvers fyrirlestrar.

Í möppunni „Efni til prentunar“ eru PDF-skrár með glærum og stoðtextum. Stoðtextar innihalda glærutexta áfangans, myndefni sem ekki rúmast á glærum og nánari skýringar kennara á efni glærunnar ef svo ber undir.

### 5. Umræða og íhugun

Kennari leggur fyrir spurningar sem byggja á lærdómsviðmiðum áfangans. Nemendur leitast við að svara spurningum í ljósi eigin reynslu og þekkingar úr sínu starfsumhverfi að viðbættum þeim lærdómi sem þeir öðlast í fyrirlestrum og samskiptum við kennara og samnemendur.

Tilgangur umræðu og íhugunar er að tengja námsefni við starfsumhverfi, aðstæður og skipulag fyrirtækis nemanda með því að beina sjónum hans að sínu daglega starfsumhverfi og samskiptum við samstarfsmenn.

### 6. Nemendaverkefni

Kennari leggur nemendaverkefni fyrir í upphafi áfangans og skila þeim skilað í lok hans. Nemendaverkefni er greining nemanda á eigin leikni og hæfni, reynslu, verklagi og viðhorfum með hliðsjón af tilsvarendi lærdómsviðmiðum í viðmiðaramma áfangans, einkum leikni- og hæfniviðmiðum